

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 2002

8. febrúar 2002

327

Nr. 138

REGLUR

um breytingu (8) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi: Heimspekideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, fornleifafræði, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknafræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

Þá breytist 4. málsliður 1. mgr. 101. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, fornleifafræði, heimspeki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði, sagnfræði og tungutækni.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. febrúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

11. febrúar 2002

Nr. 139

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

30 km hámarkshraði gildir á eftirtöldum svæðum:

Gerðahverfi I, þ.e. Akurgerði, Hamragerði, Stekkjargerði og Kotárgerði.

Holtahverfi, þ.e. svæði sem afmarkast af Hörgárbraut að vestan, Hlíðarbraut að norðan, Krossanesbraut að austan og norðan Miðholts.

Hlíðarhverfi, þ.e. svæði sem afmarkast af Borgarbraut frá Glerá, Hlíðarbraut, Hörgárbraut og farvegi Glerár upp að Borgarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari er numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 11. febrúar 2002.

Björn Jósef Arnviðarson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2002.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2002, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðugjald kr. 9.900 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 17.500

Flokkur b) kr. 35.000

Flokkur c) kr. 70.000

Flokkur d) kr. 140.000

Flokkur e) kr. 280.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2002.

Húsavíkurkaupstað, 11. febrúar 2002.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2002 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Fífumóa í Njarðvík, Reykjanesbæ.